

Nr. 028 / 15 Kári AK 33***Dregur legufæri og strandar***

Skipaskr.nr. 1761
Smíðaður: Garðabæ 1987, stál
Stærð: 11,9 brl. 19,7 bt.
Mesta lengd: 12,09 m Skráð lengd: 12,63 m
Breidd: 3,99 m Dýpt: 1,7 m
Vél: Ford Mermaid 165 kW 1987
Fjöldi skipverja: 0



Kári ©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 19. febrúar 2016 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli..

Atvikalýsing:

Þann 13. mars 2015 lá Kári AK 33 mannlaustr við legufæri í Hvammsvík í Hvalfirði. Veður: SA og síðan S stormur og ofsaveður.

Eftir að fór að hvesa á firðinum varð skipstjóri var við að báturinn var farinn að draga legufærin og nálgast fjöruna. Þar sem veðurhæð var of mikil að hans mati treysti hann sér ekki til að fara á smábát út í Kára.

Hann óskaði eftir aðstoð björgunarsveitar til að komast um borð en ekki var unnt að veita aðstoð og bátinn rak upp í fjöru. Tjón varð á stýri og skrúfu.

Við rannsókn kom fram:

- að báturinn lá við akkeri sem var fest með keðju við 2,2 tónna steiptan stein og úr honum lá 30 m löng og 19 mm stuttleggjakeðja sem var 400 kg og þaðan var keðja með hanafót upp í bátinn;
- að báturinn dró allt saman upp í fjöru og það virtist ekkert vera að búnaðinum;
- að það var sandbotn þar sem akkerið var sett niður;
- að þetta var í annað skiptið sem báturinn strandar vegna veðurs í Hvammsvík (*mál 12610*).

Nefndarálit:

Orsök strandsins var sú að báturinn var ekki í öruggu skjóli.